

601. fundur

Föstudaginn 8. apríl 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari

1. Lögð var fram fundargerð 600, samþykkt.
2. Meintur skortur á nautakjöti. Sendur var út tölvupóstur skv. fundargerð 600 dreifingaraðila og framleiðenda til að kanna stöðu markaðarins. Á grundvelli þeirra svara var óskað eftir upplýsingum um innlent heildsöluverð á nautakjöti skv. ákvæði 12. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ákveðið var að senda eftirfarandi tillögu til lögbundna umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 og tollalaga nr. 88/2005, sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra. Um er að ræða tillögu um almenna heimild til innflutnings með opnum tollkvótum á nautakjöti:

	Vara	Tímabil	Verðtollur	Magntollur
			%	kr./kg
Tollskrárnúmer:	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst :			
	<i>Sneitt á annan hátt með beini:</i>			
0202.2001	Hryggir og hryggsneiðar	18.04. - 30.09.16	0	316
	<i>Beinlaust:</i>			
0202.3002	Lundir	18.04. - 30.09.16	0	658
0202.3003	Hryggvöðvar	18.04. - 30.09.16	0	489

Rökstuðningur: Nefndinni hafa borist ábendingar þess efnis að skortur og/eða fyrirsjáanlegur skortur sé á nautakjöti. Með vísan til nefndra ábendinga og þeirra gagna sem aflað hefur verið síðan í samræmi við 3. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreinda tillögu um úthlutun á opnum tollkvótum á nautakjöti.

Fleira ekki gert og fundi slitið.